



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Sveinn Margeirsson


## Skútustaðahreppur

### 28. janúar 2021

Kæru Mývetningar nær og fjær! Sól er tekin að hækka á lofti, margt í gangi og enn fleira framundan. Förum yfir það helsta!

#### Mannauður samfélagsins virkjaður til góðra verka

Mývatnssveitin býr að ríkum mannaúði og hefur Guðjón Vésteinsson hafið störf að nýju hjá Skútustaðahreppi. Guðjón er íbúum sveitarfélagsins að góðu kunnur, en hann gegndi starfi skipulagsfulltrúa fram í september 2020. Guðjón mun í sínum störfum leggja áherslu á verklegar framkvæmdir og áætlanagerð tengt innviðauppbýggingu samfélagsins. Efst á hans borði þessa dagana er gerð 10 ára viðhaldsáætlunar mannvirkja í eigu sveitarfélagsins, m.a. út frá nauðsynlegri uppbyggingu og endurnýjun. Þá leggur hann áherslu á vinnu tengt jöfnun húshitunar-



kostnaðar íbúa sveitarfélagsins og aukin tækifæri til nýsköpunar með greiningu orkukosta. Í samhengi mannaúðs Mývatnssveitar má jafnframt

nefna að Helgi Héðinsson, oddviti sveitarstjórnar hefur tilkynnt að hann gefi kost á sér í 2.-3 sæti Framsóknarflokksins í prófkjöri nú í vor.

#### Viðkvæmt ástand við Jökulsá á Fjöllum

Ríkislögreglustjóri, í samráði við lögreglustjóran á Norðurlandi eystra, hefur lýst yfir óvissustigi almannavarna vegna krapastíflu og flóðahættu í Jökulsá á Fjöllum. Mjög mikilvægt er að sýna ítrustu aðgát á þessum slóðum og er vegurinn einungis opinn á meðan bjart er. Bent er á vef Veðurstofunnar varðandi frekari upplýsingar, sem og vef lögreglunnar á Norðurlandi eystra:

<https://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/nordurland-eystra/>



## **Atvinnu-og nýsköpunarstefna:**

### **aðgerðaáætlun í mótun**

Atvinnumála- og framkvæmdanefnd samþykkti í lok 2020 markmið atvinnu-og nýsköpunarstefnu Skútustaðahrepps, en unnið er að gerð stefnunnar. Gerð aðgerðaáætlunar í takti við markmiðin er mikilvægur hluti þeirrar vinnu og eru íbúar hvattir til að senda tillögur að aðgerðum á sveitarstjóra (sveinn@skutustadahreppur) eða formann nefndarinnar ([anton@skutustadahreppur.is](mailto:anton@skutustadahreppur.is)).

Markmið stefnunnar eru:

- 1. Hamingjusamt, heilsueflandi samfélag: Húsnæði og þjónusta er fyrir hendi í sveitarfélaginu sem hentar öllum*
- 2. Dreifum eggjunum: Stuðlum að fjölbreyttu atvinnulífi*
- 3. Bætum sólarhringinn: Fækkum hindrunum til aukinnar verðmætasköpunar og nýtum tíma íbúa betur*
- 4. Allir velkomnir: Fjöldi íbúa verði 600 árið 2025*
- 5. Í hæstu hæðum: Gerum kosti þess að búa í Mývatnssveit ljósa*
- 6. Verum græn - allir græða: Vinnum í umhverfisvænum lausnum*

### **Vinna hafin við skipulagningu endurbóta í Skútustaðaskóla (Gíg)**

Nú nýverið hittust fulltrúar ýmissa þeirra stofnana sem munu verða í lykilhlutverkum í gamla Skútustaðaskóla. Umhverfisstofnun, Vatnajökulspjóðgarður, Ramý og Landgræðslan eru þar fremst í flokki. Framundan er spennandi tími og vil ég sérstaklega þakka þeim sem hafa komið með góðar hugmyndir inn í ferlið á síðustu vikum og mánuðum. Greinilegt að ýmsir renna líta það björtum augum að geta sinnt störfum án staðsetningar í Mývatnssveit.

### **Umsögn um Grænbók um byggðamál**

Skútustaðahreppur hefur sent inn umsögn um svokallaða Grænbók um byggðamál, en þar er

sett fram stöðugreining á framkvæmd byggðaáætlunar, ásamt stefnumörkun um næstu skref. Í umsögninni er m.a. bent á mikilvægi þess fyrir nýsköpun og árangur í loftslagsmálum að sterk byggð sé fyrir hendi utan höfuðborgarsvæðisins, en í dag búa 64% íbúa landsins þar. Til samanburðar búa 30% Norðmanna á höfuðborgarsvæðinu þar í landi. Umsögnina má nálgast [hér](#) (nr. 9).

### **Félagsstarf og æfingar eldri Mývetninga**

Félagsstarf og æfingar eldri Mývetninga hafa hafið göngu sína á ný! Dagskráin er sem hér segir:

Leikfimi í ÍMS á mánudögum kl 12:50-13:30 og í Skjólbrekku á fimmtudögum kl 13:15-14:00  
Húsið opnar á fimmtudögum kl 13:00

### **Félagsaðstaða ungmenna á fullu gasi**

Það hefur sannarlega verið samhentur og öflugur hópur ungmenna sem hefur tekið til, málað, skrúfað o.fl. í ípróttamiðstöðinni síðustu vikur, en um áramót tóku þau til óspilltra málanna við þróun félagsmiðstöðvar. Á næstu vikum verður sótt um aðild að SAMFÉS, en sveitarstjóri hefur þegar kannað möguleika til þess. Svo sannarlega vel að verki staðið!

### **Deiliskipulag við Skjólbrekku**

Fyrir liggur nokkur áhugi á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í nágrenni Skjólbrekku og hefur verið ákveðið að vinna vinna deiliskipulag í samræmi við það, en í kjölfar fundar sveitarstjóra um tækifæri í nágrenni Skútustaða hefur forvinna að slíku skipulagi verið unnin.

### **Ungmennaráð tekið til starfa**

Nýskipað ungmennaráð Skútustaðahrepps 2020-2021 hefur formlega tekið til starfa en það fundaði í fyrsta sinn í síðustu viku. Arnþrúður

Dagsdóttir er starfsmaður ráðsins.



Samþykkt ungmennaráðs Skútustaðahrepps segir um skipan ráðsins:

- Tveir fulltrúar úr 8. til 10. bekk Reykjahlíðarskóla og tveir til vara sem valdir eru árlega. Nemendur skólans velja sína fulltrúa með samráði eða kosningu.
- tveir fulltrúar og tveir til vara sem velferðar- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps velur úr hópi þeirra sem eru ekki á grunnskólaaldri.

### Íbúafundir um sameiningarmál framundan

Á næstu tveimur vikum verða haldnir íbúafundir tengt sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Alls verða fjórir fundir haldnir og verða þeir bæði haldnir á netinu (Zoom) og í Skjólbrekku. Á sama tíma verður boðið upp á fundi í Breiðumýri og Stórutjarnaskóla. Fyrirkomulagið er í nýsköpunarstíl, þar sem sóttvarnarráðstafanir gera okkur ekki kleift að halda stóran íbúafund. Hver fundur hefst á stuttri kynningu og verður í framhaldi af því boðið upp á spurningar og umræður.

Á fundunum mun samstarfsnefndin draga upp mynd af því hvernig sameinað sveitarfélag gæti litið út og leita eftir sjónarmiðum íbúa. Endanleg sameiningartillaga tekur mið af fundunum og verður kynnt með vorinu. Kosið verður um tillöguna 5. júní. Frekari upplýsingar um fundina má finna [hér](#), en dagskrá þeirra er eftirfarandi:  
*Þriðjudagur 2. feb. kl. 20:00 — Nýsköpun í norðri. Atvinnulíf, umhverfi og byggðapróun.*

*Fimmtudagur 4. feb. kl. 16:30 — Fræðslu- og félagsþjónusta. Menning, íþróttir og tómstundamál.*

*Þriðjudagur 9. feb. kl. 20:00 — Skipulags- og umhverfismál.*

*Fimmtudagur 11. feb. kl. 16:30 — Stjórnskipulag og fjármál.*



### Íþróttamiðstöðin vel sótt

Það hefur verið mikill áhugi á samveru og hreyfingu í ÍMS, síðan opnun var leyft að nýju. Öflugur blakhópur kemur saman tvisvar í viku og að sama skapi á knattspyrnan hug manna tvisvar í viku. Opnað hefur verið fyrir hóptíma, með skráningu, á hlaupabrettum og öðrum þrekkækjum. Teknar verða ákvarðanir um næstu skref í þróun ÍMS og nágrennis á næstu vikum og er þar helst til skoðunar í fyrsta fasa uppsetning á klifurvegg, opnun heitra potta og afmörkun á litlum þrekkal fyrir Zumba tíma o.fl., í ljósi mikillar aðsóknar í íþróttasal.

### HRÓS DAGSINS...

Fá ungmenni sveitarfélagsins fyrir að taka á, taka til og lyfta grettistaki í ÍMS við gerð félagsaðstöðu. Núna er kominn tími til að njóta þess að vera saman í aðstöðunni án þess að vera með pensil á lofti, þó það sé gaman líka!

Teningunum er kastað!

**Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri**